

Aðalfundur Sambands íslenskra myndlistarmanna

Laugardaginn 30. maí

kl.16:00-18:00 á Korpúlfsstöðum

Mættir eru: Anna Eyjólfsdóttir, Pétur Thomsen, Helga Óskarsdóttir, Anna Rún Tryggvadóttir, Júlía Marínósdóttir.

Ritari: Anna Rún

Fundarstjóri: Pétur Thomsen

Félagsmenn mættir:

Rúrí, Jakob Jóhanns, Lýður Sigurðsson, Ásdís Spanó, María Sjöfn, Sigríður Harðardóttir, Elva Hreiðarsdóttir, Huld aÁgústsdóttir, Litten Nydrom, Haraldur Karlsson, Júlí aMarínós, Þórdís Erla Ágústsd, Logi Bjarnason, Ragnhildur Stefáns, MARTina Prienodova, Guðný Rúnarsdóttir, Steinunn Önnudóttir, Ingibjörg Gunnl. Helga Óskars, Anna Rún Tryggv, Pétur Thomsen, Anna Eyjólf.

Dagskrá aðalfundar:

Fundarstjóri Pétur Thomsen samþykkt

Ritari Anna Rún samþykkt

1. Skýrsla stjórnar

Anna Eyjólfsdóttir kynnir ársskýrslu.

Þau mál sem hafa verið í brennidepli:

Vinnustofu og gestavinnu stofumál

Starfslaun

Korpúlfstaðir

Skipholt

2. Reikningar

Júlía kynnir ársreikning SÍM

Engar spurningar úr sal. Ársreikningur er samþykktur á fundi.

Ingibjörg kynnir ársreikning Rekstrarfélagsins

spurningar úr sal: er tap á Skipholtinu

Beðið er eftir úttekt brunaeftirlits á Korpúlfstöðum og Hólmaslóð

Stjórn SÍM vill bóka

Eigið fé komið niður í 12 milljónir á síðustu 3 árum

Endurskoðandi sagði stjórn að félagið yrði gjaldþrota ef ekki yrði ekki mikið gert. Mikilvægt er að taka ákvarðanir um rekstrarfélagið á næstunni.

Við hefðum mögulega þurft að bregðast betur við, stjórn hefur óskað ítrekað eftir áætlunum um rekstrarfélagið sem hefur gengið illa að fá. Mikilvægt að rekstur rekstrarfélagsins verði tekin föstum tókum af næstu stjórn.

Mikilvægt að þetta verði tekið föstum tókum.

Ársreikningur rekstrarfélagsins samþykktur á aðalfundi.

Samþykktur.

3. Stjórnarkosning

Kosið er til stjórnar og til formanns SÍM

Kosningaþáttaka var 49.5%

Anna Rún Tryggvadóttir er kosin formaður

Ásdís Spanó og Haraldur Karl Karlsson kosin aðalmenn í stjórn

Búi Kristjánsson kosin varamaður í stjórn

4. Kosning eins fulltrúa í sambandsráð sbr. 9. gr.

Haraldur Karlsson

5. Kosning félagslegs skoðunarmanns og endurskoðanda til eins árs

Framboð: Hlynur Helgason 13 og Gerla 9

Hlynur er kosin með hreinum meirihluta.

Fundur samþykkir að halda áfram með sama endurskoðanda

6. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar

7. Ákvörðun félagsgjalda

Stjórnin leggur ekki til hækkun félagsgjalda
Það er samþykkt á fundi.

Öryrkjar fá 50% afslátt af félagsgjöldum
Ársgjald SÍM er að fullu frádráttarbært frá skatti

8. Önnur mál

Tillaga á fundi um að lagt verði fyrir félagsmenn skoðanakönnun um áherslur
úthlutunar viðmiðunar listamannalauna.
Samþykkt á fundi.

Vinna við nýjar samkeppnisreglur SÍM
Ingvi Óskarsson hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur.
SÍM mun halda sérstakan félagsfund með lögfræðing viðstöddum, þar sem
félagsmönnum gefst kostur á að koma fram með spurningar. Og nýjar reglur
verða lagðar til samþykktar

Aðalfundi er lokið .